



**Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 16. október 2013 kl. 10:25-11:10 í Urðarbrunni.**

**Kristinn Þorsteinsson**, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn og minnti á að lengd skóladagsins hefði verið helsta umkvörtunarefni opna fundarins á síðustu vorönn. Það er búið að stytta kennslutímana og setja inn smiðjur. Kallaði eftir umræðu um nýja skólareglu um að banna myndatökur af nemendum og starfsmönnum án leyfis viðkomandi.

**Stjórn NFFG kynnti sig**

**NFFG** fór yfir þá atburði sem búið er að halda á önninni og það sem er framundan. Nemendakortin eru komin út.

Morfís æfingakeppni við MA verður haldin á föstudaginn í Versló. Fyrsta alvöru keppnin verður í Urðarbrunni við FS. Stefnt á að kaupa boli.

Prufur fyrir söngleikinn hefjast í dag – 72 skráðir og 20 munu komast að.

Margar stöður innan leikfélagsins í viðbót við þá sem munu verða á sviðinu.

Leikfélagið ætlar að selja ýmislegt dót í tengslum við Salsaballið (hattar, blóm, brúnkukrem). „Open mike“ kvöld haldin einu sinni í mánuði á vegum leikfélagsins.

**K.Þ.** – Kallar eftir athugasemdum við tillögu að reglu um myndatökur innan skólans.

**F.sp.** – Myndir teknar út um allt í dag. Hvað þá með myndatökur á böllum?

**KÞ** – Reglan gengur út á að beðið sé um leyfi. Hvað böllin varðar þá er það eitthvað sem NFFG þyrfti að ræða.

**F.sp.** – Hver yrðu viðurlögin?

**KÞ** – Í samræmi við önnur brot á skólareglum.

**F.sp.** – Af hverju verður hætt við busun á næsta ári?

**KÞ** – Ástæðan er vegna einkabusana, viljum ekki tengja skólann við þær.

Umræðan í frh.sk. í dag er á þá vegu að líklega verða engar busanir í frh.sk. næsta ár.

**F.sp.** – Einkabusanirnar verða bara ennþá verri.

**K.Þ.** – Kemur í ljós.

**F.sp.** – Af hverju er lokað fyrir Wi-fi í skólanum?

**K.Þ.** – Of mikið álag á kerfið. Stefnum á að laga þetta en vantar fjármagn fyrir öflugara kerfi.

**F.sp.** – Ef nemandi er með tölvu í skólanum fær hann lykilorð og getur svo bara notað það á símann líka, hvað gerið þið í því tilfalli?

**K.Þ.** – Framtíðarlausnin er opið kerfi.



**F.sp.** – Hraðbankinn oft lokaður sem er erfitt þar sem það er ekki posi í mötuneytinu.

**K.Þ.** – Athugum málið.

**F.sp.** –Fjarvistarskráning kennara oft röng, má biðja um að þeir verði minntir á að vanda skráningar.

**K.Þ.** – Ítrekar við nemendur að taka ábyrgð sjálfir t.d. ef þau koma of seint að fylgja eftir að F sé breytt í S.

**F.sp.** – En að merkja við eftir 15 mín?

**K.Þ.** – Nemendur eru í skólanum til að læra. Hættið ef þið viljið ekki vera í skólanum. Hvetur nemendur til að mæta betur.

**F.sp.** – Er hægt að kjósa um busunina.

**K.Þ.** – Nei, förum ekki í kosningar þar sem við töpum örugglega. Þetta er ákvörðun stjórnanda.

**F.sp.** – Er hægt að semja við Arionbanka um lægra verð fyrir úttekt í hraðbankanum?

**K.Þ.** – Höfum athugað með að fá inn aðra banka en ekki gengið, Arionbanki er hér vegna þess að skólinn er í viðskiptum við hann. Getum ekkert samið við bankann.

**F.sp.** – Mismunandi smiðjur milli áfanga, af hverju ekki eins hjá öllum?

**K.Þ.** – Hugmyndafræðin með smiðjunum er að mæta þörfum mismunandi áfanga þ.e. kennararnir kenna mismunandi. Nemendur að verða fullorðnir og þurfa að taka ábyrgð.

**F.sp.** – Er smiðjan 20 eða 40 mín.?

**K.Þ.** –Tímarnir eru 40 mín. en kennararnir skipuleggja sínar smiðjur.

**F.sp.** – Örfáir nemendur standa fyrir einkabusunum en það bitnar á öllum.

**K.Þ.** – Sammála því að það sé ósanngjarnt.

**F.sp.** – Busar vilja láta busa sig, fara sjálfviljugir – hvað er vandamálið?

**K.Þ.** – Slyshætta.

**F.sp.** – Bank í ofnum á langa gangi er til skammar.

**P.B.J** – Íþróttavika verðu síðustu vikuna í október. Mót, fyrirlestrar ofl. Hvetur alla til að taka þátt.

**F.sp.** – Ruglandi að efni sé sett á mismunandi staði á námsnetinu eftir áföngum.

**K.Þ.** – Nemendur þurfa að ræða við sína kennara til að vita hvernig námsnetið er notað í hverjum áfanga.

**F.sp.** – Af hverju er ekki loftræsting í skólanum, mikið um yfirlið á síðustu önn.

**K.Þ.** – Loftræstingin er í lagi.

**F.sp.** – Það er oft erfitt að mæta í smiðju hjá þeim sem eru í mörgum listnámsáföngum vegna árekstra.

**K.Þ.** – Þetta er tilraun. Við munum skoða kerfið og hvernig til tókst í lok annar.



**F.sp.** – Hvernig gengur með undirskriftarlistann í sambandi við að láta mála salinn?

**Form. leikf.** – Arkitektinn er fastur fyrir og neitar þessu.

**K.Þ.**- Benti á að Eldborgarsalurinn í Hörpu er rauður eins og Urðarbrunnur. Dagur Loka verður í nóvember og munu tímarnir verða styttrir.

**F.sp.** – Ósk um tilboð í mótuneytinu.

**K.Þ.**- Varpar fram hvort eigi að hætta að bjóða upp á hafragraut á morgnana þar sem eftirspurn hefur minnkað.

Mótmæli frá salnum.

Takk fyrir þátttökuna, fundi slitið.

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri